



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Viltari hliðar Rauðhettu

Uppruni og nútímavæðing Rauðhettu

Ritgerð til B.A.-prófs

Vigdís Marianne Glad

September 2011

Háskóli Íslands
Hugvísindadeild
Almenn bókmenntafræði

Viltari hliðar Rauðhettu

Uppruni og nútímavæðing Rauðhettu

Ritgerð til B.A.-prófs

Vigdís Marianne Glad

Kt.: 241087-2639

Leiðbeinandi: Hjalti Snær Ægisson

September 2011

Útdráttur

Í ritgerð þessari leitast höfundur við að kanna þróun og notkun ævintýrisins um Rauðhettu. Charles Perrault er talinn vera höfundur Rauðhettu en til eru margar útgáfur sögunnar. Söguþróun Rauðhettu er skoðuð í gegnum tímanna og séð hvernig ævintýrið hefur verið aðstæðubundið hverju sinni. Farið er yfir ýmsar bókmenntaútgáfur Rauðhettu og er siðferðisbreyting þeirra í gegnum tíðina skoðuð. Stuðst er við goðsagnagreiningu Christopher Voglers til að greina þrjár kvikmyndir sem eiga það allar sameiginlegt að byggja á ævintýrinu um Rauðhettu. Kvikmyndirnar sem teknar eru fyrir eru *Freeway*, *Red Riding Hood 2003* og *Red Riding Hood 2011*. Í goðsagnagreiningunni er farið yfir ferð hetjunnar og stofngerðir sem eiga sér stað innan flestra ævintýra og handrita og eru kvikmyndirnar þrjár ítarlega greindar.

Kvikmyndirnar eru einnig greindar eftir dýpri flokkagreiningu kvikmyndaheimsins. Þrátt fyrir að nútímavæddar sögur fylgi ekki alltaf nákvæmum söguþræði Perraults þá er oft hægt að rýna í grunnþemað og aðra þætti sem tengjast sögunni, eins og persónur og umhverfi. Með nútímavæddum kvikmyndum er náð til stærri og eldri markhópa, þannig lifir Rauðhetta enn á okkar dögum.

Þakkarorð

Við vinnslu ritgerðarinnar hlaut ég stuðning frá vinum og fjölskyldu og vil ég þakka þeim fyrir áhugasemi um efnið. Þakkir fær Áslaug Thea Smáradóttir fyrir útskýringar. Samstarfsfélagi minn og skólafélagi, Guðrún Hafberg, fær þakkir fyrir vel valin hvatningarorð á besta tíma. Þakkir fær Haukur Viðar Alfreðsson fyrir að hætta aldrei að hvetja mig áfram. Ritgerðin hefði ekki orðið að veruleika án aðstoðar og áhuga leiðbeinanda míns, Hjalta Snæs Ægissonar. Þakkir fá prófarkalesarar Kristný Steingrímsdóttir vinkona fyrir ómælanlega aðstoð og Ásdís Magnúsdóttir móðir mín. Fyrst og fremst er ekkert hægt án Guðs.

Efnisyfirlit

ÚTDRÁTTUR	2
ÞAKKARORÐ.....	3
INNGANGUR	5
1. ÆVINTÝRIÐ UM RAUÐHETTU	7
1.1 PERRAULT OG LE PETIT CHAPERON ROUGE.....	7
1.2 GRIMMS-BRÆÐUR OG ROTKÄPPCHEN	8
1.3 AÐRAR GERÐIR RAUÐHETTU	10
1.3.1 <i>Rauðhetta 20. aldar</i>	11
1.4 RAUÐHETTA FÆRÐ Í NÝTT FORM.....	12
1.4.1 <i>Kvikmyndin Freeway</i>	13
1.4.2 <i>Kvikmyndin Red Riding Hood 2003</i>	14
1.4.3 <i>Kvikmyndin Red Riding Hood 2011</i>	15
2. GOÐSAGNAGREINING.....	17
2.1 FERÐ HÖFUNDARINS	17
2.2 NÁNARI GREINING KVIKMYNDA EFTIR FORMÚLU VOGLERS	20
2.2.1 <i>Freeway</i>	20
2.2.2 <i>Red Riding Hood 2003</i>	22
2.2.3 <i>Red Riding Hood 2011</i>	23
3. KVIKMYNDAGREINING	26
3.1 „THAT’S SOME BIG UGLY FUCKING TEETH YOU’VE GOT, BOB“	26
3.2 GIALLO HRYLLINGURINN	28
3.3 EPÍSKA MYSTERÍAN	29
NIÐURSTÖÐUR	31
HEIMILDARSKRÁ	34
RITAÐAR HEIMILDIR	34
NETHEIMILDIR	34
KVIKMYNDIR	35

Inngangur

Ævintýri hafa fylgt manninum í aldanna rás, fyrst sem þjóðsögur og síðar fest á prent. Í seinni tíð hafa verið gerðar kvikmyndir, auglýsingar, leikföng og fleira byggt á ævintýrum. Eitt af klassísku og frægustu ævintýrunum, sem flestir ættu að þekkja, er sagan um Rauðhettu. Ævintýrið um Rauðhettu hefur lifað frá því það kom fyrst á prent árið 1697 og í þjóðsögum löngu fyrir það og fram á okkar tíma með nútímavæðingu hverju sinni. Sagan segir frá Rauðhettu sem er ung stúlka á leið til ömmu sinnar. Á leiðinni í gegnum skóginn hittir hún úlf sem gerir hvað hann getur til að ná að éta Rauðhettu. Rauðhetta lifir meðal okkar í dag sem sögupersóna í bókum, teiknimyndum, kvikmyndum og öðru. Boðskapur sögunnar er misjafn eftir útgáfum sem og persónuleiki hennar og umhverfi.

Christopher Voglers setti fram líkan að goðsagnagreiningu sem notast má við til að greina bæði sögur og kvikmyndahandrit. Greiningin gengur út á að hægt er að setja sögur og handrit upp í þrjá tímaþætti og sýna ferð aðalpersónunnar í gegnum tólf stig sem Vogler leggur fram. Einnig sýnir hann fram á ákveðnar stofngerðir sem eiga sér stað í flestum sögum og kvikmyndum. Sé farið eftir þessum reglum sem Vogler setur fram í bókinni *Ferð höfundarins* nær höfundur að semja aðlaðandi sögu eða kvikmynd sem lesandi eða áhorfandi hefur áhuga á að lesa og sjá.

Markmið ritgerðarinnar er að velta upp sögunni um Rauðhettu, bakgrunni og merkingu auk þess að varpa ljósi á þróun ævintýrisins og nútímavæðingu út frá kvikmyndum. Fyrst er rekin saga Rauðhettu frá 17. öld og fram á okkar daga í bókmenntaheiminum. Þar verður farið yfir ýmsar gerðir Rauðhettu ásamt ítarlegri frásögn af kvikmyndunum *Freeway* (1996), *Red Riding Hood* (2003) og *Red Riding Hood* (2011), sem allar eru með sögu Rauðhettu að leiðarljósi. *Freeway* er eftir Matthew Bright sem samdi bæði handritið og leikstýrði myndinni. Hún er elsta myndin sem tekin verður fyrir og jafnframt sú sem gefur ekki upp ævintýrið um Rauðhettu í titli sínum. *Red Riding Hood* frá árinu 2003 er leikstýrð af Giacomo Cimini og er hans fyrsta verk. Hún er tekin upp í Róm og fylgir hinni klassísku giallo grein sem splattermynd. *Red Riding Hood* frá 2011 er nýjasta kvikmyndaútfærsla af ævintýrinu um Rauðhettu eftir leikstjóran Catherine Hardwicke, sem leikstýrði fyrstu *Twilight* myndinni. Í öðrum kafla er kynnt til sögunnar goðsagnagreining Voglers sem notuð verður til að greina kvikmyndirnar þrjár. Að endingu er farið dýpra í greiningu kvikmyndanna í samræmi við upprunalega ævintýrið um Rauðhettu.

Auk kvikmyndanna er stuðst við erlendar skriflegar heimildir. Ritgerðin er ætluð sem innlegg í bókmenntafræði með því að fjalla ítarlega um ævintýri Rauðhettu og greiningu og túlkun á þeim kvikmyndum sem nefndar hafa verið, sem byggja á ævintýrinu.

1. Ævintýrið um Rauðhettu

Flestum er kunnugt um ævintýrið um Rauðhettu og úlfinn. Þar segir frá ungri stúlku að nafni Rauðhetta sem fór með matarkörfu til veikrar ömmu sinnar sem bjó hinum megin við skóginn. Rauðhetta fékk þau skilaboð frá móður sinni að halda sér frá veginum til að forðast allar hættur. Hún brá sér útaf veginum og hitti þar úlf. Úlfurinn ræddi við hana og lék á hana í stað þess að éta hana strax. Þegar til ömmunnar var komið var úlfurinn búinn að éta ömmuna og koma sér í hennar gervi. Rauðhetta áttaði sig ekki á því strax og náði því úlfurinn að éta hana.

Í grunninn segir svo frá ævintýrinu en til eru nokkrar útgáfur og misjafnt er hvernig það endar og hvert markmið sögunnar er. Í dag þekkjum við Rauðhettu helst sem hluta af klassískum barnabókmenntum en sagan er mun djúpstæðari en svo.

1.1 Perrault og Le Petit Chaperon Rouge

Uppruni sögunnar um Rauðhettu hefur oftast verið rakinn til Charles Perrault sem var fyrstur til að gefa út ævintýrið um Rauðhettu. Sagan kom fyrst út árið 1697 og gerði Perrault söguna um Rauðhettu fræga í heimalandi sínu Frakklandi og víðar. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að Perrault fann hvorki upp fléttuna né persónurnar í Rauðhettu. Hann hafði tekið þær úr þekktri þjóðsögu sem farið hafði á milli fólks í munnmælum öldum saman. Perrault notaði þessa þekkingu og endurskapaði ævintýrið um Rauðhettu til að sinna þörfum áheyrenda af efri stéttum þar sem félagslegar og fagurfræðilegar kröfur voru aðrar en hjá alþýðufólki. Sögur sem sagðar voru í Frakklandi á tíma Perraults báru oft með sér skilaboð um hvað bæri að varast. Líklegt þykir að Perrault hafi haft álíka markmið í sögunni um Rauðhettu, því sagan var einkum ætluð ungum konum í hirð Lúðvíks 14 (Zipes, 1993).

Í *Le Petit Chaperon Rouge* er Rauðhetta send með kex í körfu og pott af smjöri til ömmu sinnar í næsta bæ. Til að komast leiðar sinnar þarf hún að ganga í gegnum skóg en þar hittir hún úlf og segir honum frá ferðum sínum. Úlfurinn flýtir sér að vera á undan Rauðhettu til ömmu hennar, með það eitt í huga að fá í svanginn. Hann étur ömmuna, klæðir sig í fötin hennar og leggst upp í rúm. Þar bíður hann eftir komu Rauðhettu og býður henni að koma upp í rúm til sín. Hún gerir svo og spyr þá hví hendur, fætur, eyru og munnur sé svo stór á „ömmunni“ sem endar með því að úlfurinn gleypir hana. Með því að biðja hana að koma upp í rúm til sín er skírskotað til kynferðislegrar misnotkunar (Zipes, 2006). Rauðhetta Perraults var nokkurskonar hræðsluáróður með þeirri meiningu að letja ungar stúlkur frá því að trúá

fagurgala karlmannanna sem gætu afvegaleitt þær. Í sögu Perraults er úlfurinn táknrænn fulltrúi karlmannanna sem smjöðruðu fyrir ungum stúlkum og notfærðu þær sér síðan (Orenstein, 2002).

Þegar *Le Petit Chaperon Rouge* kom út á prenti í búningi Charles Perraults voru bækur munaðarvara. Þær voru dýrar og því gaf Perrault einungis út lítið safn af ævintýrum. Þegar prentsmiðjur fundu ódýrari leiðir til að prenta bækur urðu bækurnar ódýrari og er millistéttin reis þá risu bókmenntirnar samhliða henni (Orenstein, 2002).

Saga Perraults fékk góðar móttökur á 18. öldinni. Rauðhetta var fyrst þýdd á ensku árið 1729 og var síðar endurprentuð í mörgum barnabókum víða um heim. Vegna mikillar útbreiðslu sögunnar um Rauðhettu varð hún vel þekkt og þótti hentug í því skyni að gera óstýrilát börn að þægum börnum (Zipes, 1993).

Útfærsla Perraults á munnmælasögunum um Rauðhettu fól í sér helst breytingar í stíl og efnistöku því hann skrifar söguna bæði fyrir börn og fullorðna af efri stétt. Perrault reyndi að höfða til erótískra kennda hjá fullorðnum með því að láta úlfinn tæla Rauðhettu. Ungir lesendur skilja söguna á allt annan hátt, sem leik á milliúlfs og stúlku sem ber þó undirtón um eitthvað sem beri að varast (Zipes, 1993).

Rauðhetta ber nafn sitt af klæðaburði sínum sem var rauð skikkja með hettu. Samkvæmt Jack Zipes táknaði rauði liturinn synd, holdleika og hið illa á þeim tíma sem sagan var fyrst gefin út. Rauður litur var vinsæll innan hirðarinnar hjá ungum stúlkum og báru þær rauða hatta líkt og Rauðhetta Perraults (Zipes, 1993).

Perrault virðist hafa haft þörf til að verja þessar ungu stúlkur frá aðsteðjandi ógn, í mynd karla sem misnýttu sér sakleysi þeirra. Flest ævintýri Perraults höfðu dramatískan endi. Boðskapur ævintýranna var að kenna börnum í efri stéttum viðeigandi siðferði. Svo virðist sem ævintýrunum hafi verið ætlað að hjálpa börnunum að greina aðsteðjandi hættur. Í lok allra ævintýra sinna tók Perrault saman boðskap þeirra í stuttu máli (Zipes, 1993).

1.2 Grimms-bræður og Rotkäppchen

Saga Perraults er ólík þeirri útfærslu sem við þekkjum best, það er útfærsla Grimms-bræðra. Í útgáfu Grimms-bræðra fékk Rauðhetta nýja ímynd sem óhlýðin og hjálparlaus stúlka. Hún hlýddi ekki boði móður sinnar að fara beinustu leið eftir veginum vegna þeirra hætta sem gætu leynst í skóginum. Boðskapur sögunnar var að leggja áherslu á aga og hlýðni við foreldra (Orenstein, 2002).

Í *Rotkäppchen* er sagt frá samskiptum Rauðhettu og móður hennar áður en Rauðhetta fer af stað út í skóg. Móðir hennar leggur áherslu á að Rauðhetta fari beinustu leið eftir veginum. Þegar hún hittir úlfinn nær hann að afvegaleiða hana um leið og fær hana til þess að tína blóm fyrir ömmu sína. Þegar Rauðhetta kemur í hús ömmu sinnar liggur úlfurinn í rúminu í fötum ömmunnar. Hann nær að plata Rauðhettu með gervinu svo honum tekst að gleypa hana í heilu lagi. Eftir það leggst á hann svefnþungi og fylgir honum miklar hrotur. Skógarhöggismaður heyrir hrotturnar og athugar hvað sé á seyði. Hann sér að úlfurinn er búinn að borða ömmuna og ákveður því að drepa úlfinn. Þegar skógarhöggismaðurinn ristir maga úlfsins sér hann ömmuna og Rauðhettu þar líka, báðar á lífi. Hann hjálpar þeim út úr maga úlfsins og saman fylla þau hann af steinum og sauma fyrir. Er úlfurinn vaknar og ætlar að hlaupa af stað dregur þyngd steinanna hann niður og drepur hann (Zipes, 1993).

Jakob og Wilhelm Grimms-bræður voru þýskir málvísindamenn frá Heidelberg skólanum og voru undir áhrifum rómantísku stefnunnar sem var ríkjandi á þeirra tíma (Zipes, 2002). Bræðurnir voru frumkvöðlar í söfnun þjóðsagna í Þýskalandi. Fræðimenn rómantísku stefnunnar leituðust við að skilgreina þjóðleg einkenni og sameiningartákn landa sinna og sameina þá í kringum hina þýsku hefð sem saman stóð af gildum alþýðunnar: heiðarleika, hugrekki, tryggð og hreinleika (Zipes, 2002).

Bræðurnir tóku saman ævintýri héðan og þaðan, mörg hver frá Perrault og gáfu út í bókinni *Kinder- und Hausmärchen* árið 1812 sem var ætluð sem fræðibók frekar en skemmtilestur handa börnum. Bókin náði litlum vinsældum svo bræðurnir ákváðu að stíla meira inn á barnabókamarkaðinn. Í annarri útgáfu bókarinnar sem kom út árið 1819 höfðu þeir breytt sögunum talsvert svo þær höfðuðu frekar til barna. Önnur útgáfan var þýdd yfir á ensku nokkrum árum síðar og jók það enn meira vinsældir bræðranna. Vegna góðs árangurs gáfu þeir út enn aðra útgáfu af ævintýrunum þar sem þeir gerðu styttri útgáfur af völdum ævintýrum (Orenstein, 2002).

Grimms-bræður þynntu ævintýrið um Rauðhettu, tóku út skírskotanir sem orka tvímælis og draga úr undirliggjandi erótískri spennu sem einkennir samskipti Rauðhettu og úlfsins í gerð Perraults. Markmið Perraults með sögunni var að vara ungar stúlkur við ágengum karlmönnum og sem slík hafði hans útgáfa tengingu við kynlíf. Helsta umbreyting á ævintýri Grimms-bræðra er að þeir hafa engar slíkar merkingar í sínum útgáfum á meðan slíkt vakti fyrir Perrault og fór ekki á milli mála (Zipes, 1993).

Sögulok Rauðhettu á sér hliðstæðu í öðru ævintýri í bókinni *Kinder – und Hausmärchen* eftir Grimms-bræður. Í ævintýrinu *Der Wolf und die sieben jungen Geisslein* bjargar geitamamma börnum sínum úr maga úlfs. Bræðurnir voru heldur ekki fyrstir til að vera með skógarhöggsmann í ævintýri sínu því í *Leben und Tod des kleinen Rotkäppchen* sem var skrifuð af Ludwig Tieck tólf árum fyrir útgáfu Grimms-bræðra, kemur einnig fram skógarhöggismaður. Einnig notuðust bræðurnir við sama höfuðfat (*p. Käppchen*) og Rauðhetta Tiecks bar (Zipes, 1993).

Þrátt fyrir að margir þekktu sögu Perraults um Rauðhettu, varð útgáfa hennar í Grimms-ævintýrum þekktari þar sem sú bók náði öðru sæti yfir mest seldu bækur Þýskalands frá byrjun 20. aldar fram á okkar daga, á eftir Biblíunni sem vermdi fyrsta sætið (Zipes, 1988). Flestar þýðingar sem gerðar voru á ævintýrinu um Rauðhettu voru auk þess grundvallaðar á útgáfu Grimms-bræðra. Þau gildi sem voru í hávegum höfð á 19 öld: heiðarleiki, hugrekki, tryggð og hreinleiki, eru líklegri til að hafa gert útgáfu Grimms-bræðra frægari en ella því boðskapurinn í sögunni átti vel við uppeldisaðferðir barna á þeim tíma (Zipes, 1993).

Í sögu Perraults segir móðir Rauðhettu að fara með góðgæti í körfu til ömmu sinnar en í útgáfu Grimms-bræðra er búið að bæta því við að móðirin segi Rauðhettu að fara beinustu leið eftir veginum því í skóginum leynast hættur. Því er boðskapur Grimms-bræðra að börnin skuli gæta sín og hlýða fyrirmælum foreldra, annars geti illa farið, líkt og sagan sýnir okkur.

1.3 Aðrar gerðir Rauðhettu

Allt frá útgáfu Perraults af Rauðhettu seint á 17. öld og síðar útgáfu Grimms-bræðra snemma á 19. öld, hafa komið fram margar útgáfur af Rauðhettu hvaðanæva úr heiminum. Áberandi eru sögur frá Þýskalandi, Frakklandi, Bretlandi og Ameríku. Í sumum tilfellum er hún með ljósa lokka, annarsstaðar rauðhærð, með hatt eða hettu. Stundum deyr hún og misjafnt er hver bjargar henni, í sumum sögum verður hún jafnvel sjálf eigin bjargvættur (Zipes, 1993).

Le Roman du Chaperon Rouge eftir Alphonse Daudet, er frönsk leikrits útgáfa skrifuð árið 1862. Í sögu Daudet hefur Rauðhetta lifað í þúsundir ára, deyr þó alltaf inn á milli því hún lætur sífellt blekkjast af úlfinum í hvert sinn sem hún verður á vegi hans. Hún man óljóst eftir öllu því sem gerst hefur en aldrei nógu mikið til að læra af fortíðinni. Hún man þó eftir þeim eina kafla sem Perrault skrifaði. Hún hittir ýmsa á vegi sínum í skóginum sem þekkja hana úr sögunni og hefur hún misgóð áhrif á hvernig dagur þeirra fer. Tilgangur Rauðhettu er að leiða þá sem hún mætir burt frá vandamálum þeirra til þess að þeir geti átt áhyggjulausan dag. Þar með er ekki sagt að vandamál þeirra hafi horfið (Zipes, 1993). Verk Daudet er

Þrungið siðferðislegri alvöru en sagan um Rauðhettu var líka notuð í gamansömum tilgangi á 19. öld. Smásagan *The Lamb in Wolf's Clothing* eftir Alfred Mills (1872) segir frá því er lambið hennar Rauðhettu klæðir sig upp í úlfaskinn og nær að blekkja alla að það sé úlfurinn og hræðir því alla þá sem verða á vegi þess. Lambið vildi þó aðeins leika sér, ekki hræða neinn (Zipes, 1993).

1.3.1 Rauðhetta 20. aldar

Eftir að komið er yfir á 20. öldina er siðferðislegi boðskapurinn ekki jafnstærkur og áður. Í *The Girl and the Wolf* eftir James Thurber (1939) bíður úlfur uppi í rúmi í fötum ömmunnar eftir því að stúlka komi í heimsókn með matarkörfu. Þegar stúlkan kemur og sér að þetta er ekki amma hennar reiðist hún og tekur upp skammbyssu úr körfunni sinni og skýtur úlfinn. Boðskapurinn í þessari stuttu amerísku útgáfu er að ekki sé jafnauðvelt að fífla stúlkur og áður fyrir (Zipes, 1993).

Alvarleikinn á sér líka stað í Rauðhettu í sambandi við alvarlega heimsmál eins og þeim sem áttu sér stað í seinni heimsstyrjöldinni. *Little Red Riding Hood as a Dictator Would Tell It* eftir H.I. Phillips er skrifuð í seinni heimsstyrjöldinni. Í þeirri sögu eru Rauðhetta og amma hennar taldar illar. Engum úlfum líkar við Rauðhettu því þeir vita að hún er útsendari kapítalískra hagsmuna. Einn úlfur fer út að ganga til að velta því fyrir sér hvernig væri best að enda óhamingjuna í heiminum. Úlfurinn lendir óvart heima hjá ömmunni sem hann endar með að éta í sjálfsvörn. Er hann bíður skjálfandi á beinunum eftir að Rauðhetta komi áttar hann sig á að þetta gætu verið endalok hans þar sem hún notar sprengjur og eiturgas til að berjast með. Úlfurinn nær að sigra Rauðhettu með því að tæta hana í sundur og borða hana. Úlfarnir hafa fengið nóg af þessum yfirgangi Rauðhettu og vill hann kenna þeim að ógna ekki úlfunum (Zipes, 1993). Þessi útgáfa sögunnar snýr hlutverkum persónanna við og getur verið erfitt fyrir lesendur að skilja hana með upphaflegu útgáfuna í huga.

A sbagliare le storie er ítölsk saga eftir Gianni Rodari, skrifuð árið 1973, um afa sem er að segja barnabarni söguna af Rauðhettu en afinn kallar hana Grænhettu. Hann ruglar allri sögunni og barnabarnið er stanslaust að leiðrétta afann. Sagan endar á léttu gríni sem túlka má sem að afinn vilji losna við barnið og lesa blaðið sitt í friði. Hann sem sagt kaupir sér frið með því að gefa barninu pening til að kaupa sér tyggjó (Zipes, 1993).

Hinum megin á hnettinum, í Kína, fáum við öðruvísi útfærslu af Rauðhettu eða *Hsiung chia P'o* eftir Chiang Mi (1979). Sagan er bein skírskotun í Rauðhettu nema stelpun heitir Goldflower í þýddum útgáfum. Hér er það björn í stað úlfsins og mamma stelpunnar er sú sem fer burt að heimsækja veika frænku með gjafakörfu. Amman átti að koma heim til Goldflower og yngri bróður hennar til að gæta þeirra. Björninn kemur til þeirra í staðinn og lýgur til um að vera amman og er hann því að öllum líkindum búinn að drepa ömmuna þó það komi ekki beint fram í sögunni. Stelpan nær að leika á björninn með því að flýja og klifra upp í tré sem hún setur tjöru á svo björninn komist ekki upp. Hún heldur áfram að kalla björninn ömmu til þess að láta hann halda hún viti ekki að þetta sé í raun hann. Hún býðst til þess að kasta niður perum úr trénu sem hann myndi grípa með kjaftinum. Hann þiggur það en eftir fyrstu perurnar kastar hún niður hníf í stað peru sem hann grípur með kjaftinum svo hnífurinn sker í hálsinn á birninum og hann deyr. Hér er það Goldflower sem bjargar sér og bróður sínum (Zipes, 1993).

1.4 Rauðhetta færð í nýtt form

Sagan af Rauðhettu hefur verið viðráðandi í bakgrunni margra fjölmiðla og listgreina á 20.öldinni. Ljóð, teiknimyndir, auglýsingar og kvikmyndir byggja margar á grunninum um söguna af Rauðhettu. Ótrúlegustu angar sem spröttið hafa upp frá sögunni um Rauðhettu í meðförum ólíkra höfunda og handritshöfunda gefa tilefni til að ætla að sagan kveiki sífellt nýjar hugmyndir um samskipti fólks og um innra líf persónanna. Fyrsta kvikmyndaútfærsla sögunnar af Rauðhettu er *Le petit chaperon rouge* frá árinu 1901, svart-hvít þögul mynd frá Frakklandi, samkvæmt Internet Movie Database (2011). Næstu ár á eftir koma nokkrar svart-hvítar hljóðlausar myndir flestar frá Ameríku, annað hvort sem teiknimynd, gamanmynd, vestri eða ævintýri. Walt Disney gerði hljóðlausa teiknaða stuttmynd um Rauðhettu árið 1922. Hin fræga teiknimynd *Red Hot Riding Hood* eftir Tex Avery kom árið 1943 og er ætluð sem teiknimynd fyrir „stóra krakka“, það er fullorðna, því hér er Rauðhetta kynþokkafull ung kona í stuttum kjól og vinnur við að syngja og skemmta fólki. Á meðal þeirra áhorfenda er úlfurinn sem er þekktastur fyrir að flauta og missa tunguna út um munninn er hann horfir á Rauðhettu syngja (Avery, 1943).

1.4.1. Kvikmyndin Freeway

Spennumyndin *Freeway* (Matthew Bright, 1996) byggir á Rauðhettu á margan hátt. *Freeway* fjallar um vandræðaunglinginn Vanessu. Foreldrar hennar komast í kast við lögin þegar lögreglan tekur þau föst fyrir vörslu eiturfylla. Vanessa forðar sér undan dvöl á fósturheimili með því að handjárnna félagsráðgjafa lögreglunnar við rúmið sitt og stela bíl hans. Vanessa fer til kærasta síns, Chopper Woods en þýða má nafnið á íslensku sem skógar-höggmaður. Hjá honum fær Vanessa skammbyssu til að hafa með sér er hún heldur af stað til ömmu sinnar klædd rauðum leðurjakka og með bastkórfa sem hún geymir byssuna í.

Á leiðinni á hraðbrautinni (e. freeway) bilar bílinn sem Vanessa er á. Stoppar þá maður að nafni Bob Wolverton og býður Vanessu far til ömmu hennar. Nafn hans er bein vísun í úlf (e.wolf). Wolverton vinnur sem ráðgjafi fyrir unglingsstráka sem eiga við vandamál að stríða og nær því að vinna traust Vanessu með kunnáttu sinni. Því næst byrjar Wolverton að spyrja Vanessu persónulegra spurninga og þar á meðal um misnotkun stjúpöður hennar sem hún þurfti að þola. Þegar Wolverton fer að spyrja afbrigðilegra spurninga og glottir um leið verður Vanessa reið út í hann og biður hann um að stoppa bílinn og hleypa sér út. Wolverton reiðist við það og ber hníf að hálsi Vanessu. Þá áttar hún sig á að Wolverton er I-5 morðinginn sem hafði verið fjallað um í fréttunum þann sama dag. Vanessa nær þó að snúa örlögnum upp í sínar hendur með skammbyssunni sem kærasti hennar hafði gefið henni. Hún lætur Bob Wolverton stoppa bílinn og skýtur hann nokkrum sinnum. Þegar Vanessa mætir síðan alblóðug á matsölustað kemur lögreglan og handtekur hana. Vanessa hafði ekki náð að drepa Wolverton heldur aðeins afmyndað hann. Hann náði því að segja við lögregluna að Vanessa hafi reynt að drepa sig og snýr þannig málunum sér í hag.

Vanessa fer í fangelsi þar sem hún undirgengst rannsókn um hvort megi dæma hana sem fullorðinn einstakling þar sem hún sýnir enga iðrun. Hún leit á atburðinn sem sjálfsvörn og vörn tilvonandi fórnarlamba I-5 morðingjans. Í fangelsinu sýnir hún villtari hlið sína þar sem hún ræðst á aðra stúlku. Þær verða þó vinkonur og taka þátt í flótta úr fangelsinu ásamt nokkrum öðrum stúlkum. Þær ná að flýja með því að drepa fangelsisstjóran og særa vörðinn. Vanessa flýr yfir til Mexíkó þar sem hún selur sig. Eitt skiptið hótar hún einum viðskiptavini og tekur bíl hans, setur viðskiptavininn í skottið og heldur af stað á ný til ömmu sinnar. Bob Wolverton er einnig á leið til ömmu Vanessu til þess að drepa hana. Lögreglan hafði loks áttað sig á að hann væri í raun morðinginn og var á eftir honum.

Þegar Vanessa er komin til ömmu sinnar er Wolverton þegar mættur, búinn að drepa ömmu hennar og liggur í náttkjól ömmunnar í rúmi hennar og bíður eftir Vanessu. Þar eigast þau við en Vanessa nær að yfirbuga Wolverton og nær í þetta skiptið að drepa hann með því að kyrkja hann (Hanley og Bright, 1996).

Gagnrýnandinn Roger Ebert bendir á að ljósmyndin sem Vanessa sýnir Wolverton af föður sínum sem hún þekkti aldrei, sé af frægum raðmorðingja, Richard Speck sem drap átta hjúkrunarfræðinema 1966. Þetta er athyglisvert í ljósi atriðisins þar sem hún sýnir öðrum raðmorðingja ljósmyndina, Wolverton, sem veit áreiðanlega hver Speck er en Vanessa veit ekki að þetta er mynd af fjöldamorðingja en ekki af hennar raunverulega föður (Ebert, 1997).

1.4.2. Kvikmyndin *Red Riding Hood* 2003

Í *Red Riding Hood* (Cimini, 2003) fylgjumst við með 12 ára gamalli stúlku sem hefur misst föður sinn og verið yfirgefin af móður sinni. Jenny fékk þó heimili og nóg af peningum frá móður sinni til að lifa á. Jenny hefur óbeit á syndurum og tekur réttlætið í sínar hendur þar sem hún fer um stræti Rómar að nóttu til og drepur ræningja, svikara og þá sem hafa beitt ranglæti. Það gerir hún ásamt George sem var eitt sinn hvolpurinn hennar en er nú orðinn að stórum úlfi klæddur í kufl. Þess má geta að George er annað sjálf hennar Jenny. Jenny fær heimakennslu frá ungum og myndarlegum kennara sem hún er ástfangin af. Hann verður ekki var við það, enda er hún barn í hans augum. Allt leikur í lyndi þar til að amma hennar Jenny kemur til Rómar til þess að taka hana með sér heim til Bandaríkjanna. Jenny er ósátt við það og byrjar að eitra fyrir ömmu sinni til þess að komast út úr húsi og halda áfram að hreinsa burt syndara á strætum Rómar. Amman kemst síðar að því að Jenny hafi verið að eitra fyrir sér og allt fer í háalof. Jenny tekur þá málin í sínar hendur, nær að eitra fyrir ömmunni á ný og í þetta skiptið bindur Jenny hana við rúmið. Jenny gefur ömmu sinni hnetusmjör til að þagga niður í henni en hún er með ofnæmi fyrir hnetum og bólgnar því um munninn og í hálsinum. Eins borar hún í hnéskefjarnar á ömmu sinni.

Þegar amman nær að koma skilaboðum út á götu með því að kasta miða út um gluggann, finnur heimilislausmaður þau og fer inn í húsið. Hann bíður eftir að Jenny komi til þess að kúga út úr henni peninga. Hún nær að losna við hann með því að borga honum en myrðir hann þó fyrir rest. Þegar kennarinn áttar sig á að ekki sé allt með felldu, finnur hann ömmuna í hræðilegu ástandi og reynir að spila á Jenny með því að fara í búning Georges. Jenny áttar sig þó á því að þetta er ekki George og stingur kennarann sinn með hníf. Hér iðrast Jenny gjörða

sinna gagnvart ömmu sinni og þau koma henni fyrir á geðsjúkrahúsi. Í lok myndarinnar sjáum við Jenny skrifa bréf til ömmu sinnar þar sem hún segir að sér líði betur. Þá heyrir hún í einu fórnarlamba sinna sem hún átti eftir að drepa og sér að George birtist á hjóli og drepur fórnarlambið fyrir hana. Jenny eltir síðan George inn á baðherbergi en þá kemur lík pabba hennar upp úr baðkari og talar við Jenny um að hún geti ekki séð um allt sjálf. Að lokum syngja þau saman *que sera, sera* (Assonitis og Cimini, 2003).

1.4.3. Kvikmyndin *Red Riding Hood* 2011

Nýjasta kvikmyndin um Rauðhettu, *Red Riding Hood* (Catherine Hardwicke, 2011), gerist á tímum miðalda í litlu þorpi inn á milli skóga. Valerie býr þar ásamt föður sínum og móður en eldri systir hennar var drepin af varúlfinum sem ofsækir bæinn. Út frá því hefst eltingaleikur bæjarbúa við úlfinn sem verður til þess að prestur bæjarins fær aðkomuprest að nafni Solomon sem er fróður um varúlfa og vanur því að drepa þá. Faðir Solomon segir fólkinu að varúlfurinn sé í raun manneskja og sé mitt á meðal þeirra. Því þurfi bæjarbúar að vera velvakandi yfir gjörðum vina og ættingja á meðan faðir Solomon og þjónar hans sjá um að ganga í hús og leita að vísbendingum. Valerie er ástfangin af Peter sem vinnur sem skógarhöggsmáður og hefur verið það síðan þau voru börn. Hins vegar hafa foreldrar hennar lofað Henry hönd hennar en hann er af auðugari ætt en Peter. Valerie vill ekkert með Henry hafa en hann er hrifinn af henni. Peter og Valerie enda þó saman og þegar Henry sér að Valerie vill ekkert með hann hafa slítur hann trúlofuninni.

Þegar varúlfurinn ræðst á bæinn á ný og talar við Valerie kemst það fljótt upp og er henni kennt um að vera norn. Þar af leiðir setur faðir Solomon hana á fórnaraltarið fyrir varúlfinn til þess að bjarga bæjarbúum. Henry, Peter og faðir Valerie taka saman ráð sín og bjarga henni áður en það verður of seint. Þegar varúlfurinn kemur nær hann að bíta föður Solomon. Því næst drepur einn þjóna hans hann en Solomon hafði sjálfur sagt að ef maður er bitinn þegar máninn er rauður breytist viðkomandi í varúlf.

Eftir þetta atvik fer Valerie í heimsókn til ömmu sinnar úti í skógi eftir að hana dreymdi illan draum sem boðaði að eitthvað væri að. Þegar hún kemur til ömmu sinnar liggur pabbi Valerie í rúminu og amman er dáin. Þar kemst Valerie að því að pabbi hennar er varúlfurinn og þess vegna skyldi hún úlfinn þegar hann talaði við hana, þar sem hún ber sama blóð. Hann vill fá hana til liðs með sér en Valerie er of góðhjörtuð og vildi ekki gerast varúlfur þó það gæfi henni eilíft líf. Birtist þá Peter á besta tíma og saman drepa þau pabba hennar á meðan

hann er í mannlíki. Eftir það komast þau að því að pabbi Valerie náði að bíta Peter sem þýðir að hann verður að varúlf. Þau fylla síðan pabba hennar af steinum og henda út í vatn til þess að enginn viti af þessu svo að Valerie yrði ekki drepin fyrir að vera dóttir varúlfar. Myndin endar á að Valerie heldur sig í húsi ömmu sinnar þar sem hún er búin að eiga barn með Peter sem kemur til hennar á milli fullra mána (DiCaprio og Hardwicke, 2011).

2. Goðsagnagreining

Kvikmyndirnar *Freeway* (Matthew Bright, 1996), *Red Riding Hood* (Giacomo Cimini, 2003) og *Red Riding Hood* (Catherine Hardwicke, 2011) byggja allar á ævintýrinu um Rauðhettu og eðli málsins samkvæmt lúta þær því ákveðinni frásagnarformúlu. Tengsl Hollywood-kvikmyndarinnar og ævintýrisins hefur verið sterk frá upphafi, þar sem hvort tveggja byggir á föstum stærðum í frásögn og persónusköpun. Líkt og lesendur ævintýra á öldum áður ganga áhorfendur Hollywood-kvikmynda inn í verkið með væntingar og fastmótaðar hugmyndir um það hvers sé að vænta af sögunni. Margir hafa orðið til þess að lýsa þessum föstu frásagnarreglum með kenningakerfum. Einn þeirra er bókmenntafræðingurinn Christopher Vogler en bók hans, *Ferð höfundarins*, er tilraun til að fanga kjarnann í formúlu frásagnarkvikmynda með stuðningi af ævintýrum. Formúla Voglers byggir á skrifum Vladímírs Propps og Josephs Cambells en þeir eru báðir þekktir fyrir að hafa skrifað bækur um flokkanir og goðsagnateoríur. Tekin verður fyrir goðsagnateoría sem Christopher Vogler skrifaði í bók sinni *Ferð höfundarins* til að greina kvikmyndirnar þrjár (Vogler, 1992/1997).

2.1 Ferð höfundarins

Hægt er að greina bókmenntaverk og kvikmyndahandrit í þrjá tímabætti. Fyrsti þátturinn er fjórðungshluti handrits, annar þátturinn er helmingur handrits eða um það bil klukkutími af kvikmynd. Endir kvikmyndarinnar er síðan þriðji þátturinn sem er síðasti fjórðungshlutinn af handriti. Christopher Vogler skiptir ævintýrum niður í þessa þrjá þætti og innan þeirra eru tólf stig sem hetjan, sem er aðalpersónan, fer í gegnum á ferð sinni. Þessi tólf stig tók hann saman út frá formúlu sem Joseph Cambell hafði tekið saman í bók sinni *Hetjan með þúsund andlit*. Einnig bendir Vogler á að í nærri öllum sögum og handritum koma fram ákveðnar stofngerðir sem eru nauðsynlegar fyrir söguna, annars myndi fléttan ekki ganga upp. Þessar stofngerðir tók Vogler saman upp úr fræðum Vladímírs Propps sem benti á að stofngerðir væru ekki endilega ákveðnar persónur, heldur grímur sem persónur bera af og til, til þess að stuðla að framgangi sögunnar og koma henni á ákveðið stig. Hver og einn karakter getur tekið sér margar grímur (Vogler, 1992/1997).

Í fyrsta þætti kvikmyndar er kynntur til sögunnar venjulegi heimurinn, persónur og hetjan. Hetjan er sú sem er í forgrunni sögunnar. Hún er aðalpersónan og sú sem þroskast mest af því að fara í gegnum ýmsar raunir. Í mörgum myndum er hetjan sú sem hefur orðið fyrir aðskilnaði frá fjölskyldu, eins og kemur fram í *Freeway* og *Red Riding Hood* (2003). Í mörgum handritum kemst hetjan í nánd við dauðann á ferð sinni á einhverjum tímamarki eins

og við sjáum skýrt í *Freeway* og *Red Riding Hood* (2011). Í *Freeway* er Vanessa, hetjan, sýnd í sínum venjulega heimi með öðrum persónum, þar á meðal kærasta sínum. Í bæði *Red Riding Hood* (2003) og *Red Riding Hood* (2011) eru Jenny og Valerie aðalpersónurnar og sögumenn í byrjun myndanna. Þær kynna sjálfar heima sína og persónur myndanna.

Í venjulega heiminum gerist ákveðinn atburður sem gefur til kynna að um ævintýri sé að ræða og síðan hvernig hetjan hafnar kallinu um ævintýri í fyrstu. *Freeway* boðar nýtt ævintýri þegar lögreglan tekur foreldra Vanessu fasta og hvernig hún hafnar því að þurfa að fara til fósturforeldra. Amma Jenny í *Red Riding Hood* (2003) boðar nýtt ævintýri með komu sinni og boði um að flytja til Bandaríkjanna. Jenny neitar að fara með ömmu sinni. Peter, einn af strákunum sem var ástfanginn af Valerie í *Red Riding Hood* (2011), býður henni ævintýri með því að biðja hana um að flýja með sér. Annað boð um ævintýri í sömu mynd er þegar varúlfurinn hefur drepit á ný. Höfnun á enn öðru ævintýri í *Red Riding Hood* (2011) er þegar Valerie neitar trúlofun sinni við annan strák, Henry.

Fjórða stigið á ferð hetjunnar er þegar hetjan fer á fund mentors. Mentor er oft sýndur sem gamall vitur maður eða sem uppfinningamaður sem veitir hetjunni ráð eða töfragjafir sem hetjan notast við seinna á ferð sinni. Í sumum tilfellum er mentor samviska hetjunnar. Mentorinn hvetur hetjuna til að halda á vit ævintýrisins og hjálpar hetjunni þar með yfir fyrsta þröskuldinn. Mentorinn í *Freeway* er kærasti Vanessu, Chopper, sem gefur henni töfragjöf. Þegar Vanessa hefur náð að flýja félagsráðgjafa á vegum lögreglunnar og er komin út á hraðbrautina er hún komin yfir fyrsta þröskuldinn. Mentor Jenny í *Red Riding Hood* (2003) er kennarinn hennar sem að lokum reynir að leysa hana frá slæmum gjörðum sínum. Fyrsti þröskuldurinn sem Jenny kemst yfir er þegar hún nær að eittra fyrir ömmu sinni svo hún komist út til að halda áfram að drepa fólk.

Verðir og boðberar koma fram í lok fyrsta þáttar kvikmynda. Vörður starfar oft undir skugganum en getur líka verið náttúrulegur hlutur í landslagi ævintýraheimsins. Vörður getur haft ýmsar birtingamyndir, allt frá persónu að náttúruöflum, eins og slæmt veður. Vörður lætur reyna á þolrif hetjunnar þar sem hann hindrar áframhaldandi för hetjunnar. Boðberi getur hvort sem er verið persóna, draumur, símtal eða annað. Hann getur verið jákvæður og neikvæður og jafnvel illmenni. Algengt er að mentor, grallari, vörður og jafnvel elskhugi beri grímu boðberans (Vogler 1992/1997). Í *Freeway* kemur fréttaskýring sem segir frá I-5 raðmorðingjanum sem er boðberi um eitthvað slæmt. Félagsráðgjafinn hefur ígildi varðar þegar hann vill ekki leyfa Vanessu að fara til ömmu sinnar. Amma Jenny í *Red Riding Hood* (2003) er bæði vörður og boðberi. Hún er ímynd varðar þar sem hún með komu sinni kemur í veg fyrir að Jenny haldi áfram ævintýri sínu með því að drepa fólk á strætum Rómar að nóttu

til. Amman er boðberi þar sem hún tilkynnir Jenny þörf á breytingum og kemur þar með hetjunni í þær aðstæður að hún þurfi að taka ákvörðun um áframhaldandi líf sitt í Róm.

Eftir að hetjan hefur stigið yfir fyrsta þröskuldinn tekur við annar þáttur myndarinnar sem er lengstur eða helmingur verksins. Þar reynir á hetjuna að þreyta ýmis próf og að kynnast nýjum einstaklingum, hvort sem þeir verða félagar hennar eða óvinir en hetjan lærir að þekkja þá í sundur. Stofngerðin hamhleypa er algeng í upphafi annars hluta handrits. Hún er oftast af hinu kyninu og á það til að afvegaleiða hetjuna. Hér er þekkt hlutverkið *femme fatale*. Algengast í ævintýrum er að hamhleypan sé galdrakarl, norn eða tröll. Hamhleypur eiga það til að skipta skapi, framkomu, útliti og einkennum sem gerir hetjunni erfitt að henda reiður á þeim. Þær eru til þess að flækja fyrir með því að koma efa og grunsemdum fyrir í sögunni.

Hamhleypan er fjölþættasta stofngerðin og í sumum tilfellum tekur hetjan upp grímu hennar. Í *Freeway* hittir Vanessa Bob Wolverton sem er hamhleypa verksins þar sem hann þykist vera félagi hennar í byrjun en er í raun skugginn. Hann leggur fyrir hana ýmis próf til þess að komast að hennar innstu leyndarmálum. Vanessa nær ekki að átta sig á því í byrjun að Wolverton er í raun skugginn með grímu hamhleypunnar. Próf í *Red Riding Hood (2003)* eru þegar Jenny þarf að finna út nýjar leiðir til að halda ömmu sinni fastri í íbúðinni til þess að sinna áfram hreinsun sinni. Í *Red Riding Hood (2011)* er faðir Solomon búinn að leggja fyrir bæjarbúa próf til þess að finna út hver þeirra sé varúlfurinn. Þar af leiðir fer Vanessa að sjá varúlfinn í öllum vinum sínum og ættingjum og þarf hún því að finna út hver sé varúlfurinn.

Þegar hetjan fer að nálgast það sem ævintýrið sjálft snýst um eiga sér stað hvörf þar sem mikilvæg stig á ferð hetjunnar, eldskírnin, verðlaunin og leiðin til baka koma fram. Skugginn kemur fram í þessum hvörfum og þar fara fram átök hans við hetjuna. Skuggi er fulltrúi myrkra afla en getur líka verið eitthvað sem er innra með hetjunni, hvort sem um ræðir jákvæða eða neikvæða eiginleika. Skuggi er stundum geðtruflun eins og fram kemur í *Red Riding Hood (2003)* þar sem hetjan/skugginn Jenny á við geðræn vandamál að stríða. Hetjan þarf að sýna sínar bestu hliðar þegar hún hittir skuggann þar sem hann ögrar henni hvað mest. Ef hetja er í vafa, fyllt dauðahvöt eða er sjálfselsk þá er hún með grímu skuggans á sér. Mentorar og hamhleypur eiga það til að bera grímu skuggans af og til (Vogler 1992/1997).

Nálgun Vanessu er þegar hún heldur að hún sé að nálgast heimili ömmu sinnar en þá á sér stað eldskírnin þar sem hún og Bob Wolverton takast á og hún notar töfragjöfina frá mentorum, kærasta sínum, til þess að sigra skuggann. Þar með fær hún frelsi sitt að launum og heldur af stað til baka. Eldskírni á sér stað í *Red Riding Hood (2003)* þegar heimilislaus maðurinn tekur sér mynd skuggans og kúgar Jenny. Hún nær að múta honum og þar með kaupa sér frið, sem eru verðlaun hennar. Önnur eldskírni á sér þó líka stað þegar kennari Jenny

tekur upp grímu hetjunnar og bjargar ömmunni og Jenny frá sjálfri sér. Leiðin til baka á sér stað þegar Jenny er komin á geðsjúkrahús þar sem hún nær að komast til baka í hinn raunverulega heim.

Í *Red Riding Hood (2011)* er nálgunin þegar beðið er komu varúlfsins. Eldskírinn á sér stað þegar Valerie situr á fórnarbeðinu og Peter, Henry og faðir Valerie taka allir grímu hetjunnar til að bjarga Valerie. Verðlaunin eru að hún bjargast og heldur lífi sínu. Leiðin til baka er þegar bærinn fer að verða rólegur á ný. Grallari er síðasta stofngerðin sem Vogler minnst á. Grallarinn er stríðinn, kemur okkur til að hlæja og sér um að létta andrúmsloftið. Grallari var vinsælt aðalhlutverk í þjóðsögum og ævintýrum áður fyrr. Hann er áhrifavaldur og leikur oft féлага eða þjón hetjunnar eða skuggans. Enginn sinnir hlutverki grallarans í myndunum þremur svo augljóst sé (Vogler, 1992/1997).

Eftir að hetjan hefur sigrað skuggann, fengið verðlaunin í fangið og er á leið heim tekur þriðji þáttur handritsins við. Þar á upprisa hetjunnar sér stað og síðan hápunktur myndarinnar: hetjan snýr heim með elexírinn. Í *Freeway* á upprisan sér stað þegar Vanessa er loks komin til ömmu sinnar og hittir þar Bob Wolverton og þau takast á. Vanessa nær loks að drepa Wolverton og snýr því heim með líf sitt og frelsi og þá hugsun að hún hafi bjargað tilvonandi fórnarlömbum I-5 raðmorðingjans. Í *Red Riding Hood (2003)* á upprisan sér stað þegar George birtist á ný og drepur síðasta skuggann í augum Jenny og þar með er verk hennar fullkomnað. Hún fær elexírinn í hendurnar þegar hún hittir föður sinn á ný. Upprisan í *Red Riding Hood (2011)* á sér stað þegar Valerie kemst að því að faðir hennar sé varúlfurinn og hún, ásamt Peter, tekst á við föður sinn. Elexírinn í höndum Valerie er ást Peters og ávöxtur þeirra (Vogler, 1992/1997).

2.2 Nánari greining kvikmynda eftir formúlu Voglers

2.2.1 Freeway

Þótt *Freeway* hafi ekki verið markaðssett sem ævintýri kemur fljótt í ljós hversu vel goðsagnaformúla Voglers virkar á söguþráð myndarinnar. Í fyrstu er kynning á venjulegum heimi Vanessu þar sem hún sést í skólastofu þar sem hún á við lestrarerfiðleika að stríða. Næst eru sýndar heimilisáðstæður hennar sem eru með eindæmum slæmar. Móðir hennar stendur úti á horni í annarlegu ástandi við leiguíbúðina þeirra og reynir að selja sig þegar Vanessa og kærasti hennar, Chopper, ber að. Eftir að hafa rifist við móður sína um að hún eigi

ekki að vera selja sig, hittir Vanessa stjúpfoður sinn sem er að reykja krakk og reynir að þröngva sér upp á hana. Þess á milli sitja þau tvö og horfa á gamla teiknimynd um Rauðhettu og úlfinn, þar sem úlfurinn er að skipta sér af ferðum Rauðhettu og hún hunsar hann. Útsendingin af teiknimyndinni er rofin vegna fréttaskýringu um I-5 raðmorðingjann sem hafði framið morð á tveimur ungum stúlkum. Teiknimyndina og fréttaskýringuna hefði Vanessa átt að taka sem kennslu frá mentor þegar hún hittir Bob Wolverton og tekur við boði hans um far til ömmu sinnar.

Lögregla kemur til sögunnar og finnur fíkniefni á móður Vanessu þar sem hún stóð úti á horni. Lögreglan ræðst inn á heimili þeirra og sér stjúpfoður Vanessu þröngva sér upp á hana. Með afskiptum lögreglunnar býðst tækifæri á ævintýri. Vanessa þarf að fara til fósturfjölskyldu og það ekki í fyrsta sinn. Boðberi kemur fram í hugmynd Vanessu um að fara til ömmu sinnar í staðinn og hafna því ævintýri sem fósturfjölskylda hefur í för með sér. Hún handjárnar því félagsráðgjafa lögreglunnar sem ætlaði með hana í fóstur, sem jafnframt sinnir hlutverki varðar á ævintýri Vanessu um að fara til ömmu sinnar. Vanessa heldur af stað á fund mentors, sem er kærastinn hennar Chopper. Hann segir henni að það hafi ekki verið sniðug hugmynd hjá henni að flýja en gefur henni þó töfragjöf sem er byssa hans, sem mun reynast henni vel þegar hún hittir skuggann. Þegar hún yfirgefur sinn venjulega heim og heldur af stað til ömmu sinnar er hún komin yfir fyrsta þröskuldinn.

Annar þáttur myndarinnar hefst þegar bílinn, sem Vanessa stal til þess að komast til ömmu sinnar, bilar sem virkar hér sem annar vörður á leið hetjunnar. Hamhleypan kemur hér fljótt fram en það er Bob Wolverton sem þykist vera félagi hetjunnar og býður henni far til ömmu sinnar. Á leiðinni leggur hann fyrir hana ýmis próf til þess að læra á hugsanahátt hennar og segir henni að treysta sér þar sem hann vinni með vandamál unglinga. Þegar Vanessa heldur að nálgunin sé að eiga sér stað þegar þau keyra nær heimili ömmu hennar koma fram hvörf myndarinnar. Þá fer af stað eldskírinn, þegar Bob Wolverton hefur tekið af sér grímu hamhleypunnar sem félagi hetjunnar og er orðinn að skugga myndarinnar, það er I-5 raðmorðinginn. Hetjan nær að koma kringumstæðunum sér í hag með töfragjöfni frá mentorum, kærasta sínum Chopper Woods. Nafn hans vísar beint í skógarhöggsmann og má túlka þetta atvik sem skírskotun í sögu Grimms-bræðra þar sem skógarhöggismaðurinn kom Rauðhettu til bjargar, þó það gerist hér í formi vopns. Með því að nota töfragjöfina nær hún að skjóta Bob Wolverton og fær þar með líf sitt að launum. Hér kemur þó annar vörður fram sem er fangelsisdvöl þar sem Bob Wolverton dó ekki og náði því að koma sök á Vanessu um að hafa reynt að drepa sig. Þar með tekur hann upp grímu hetjunnar fyrir að hafa lifað skothríðina af og gerir Vanessu að skugganum.

Þriðji þáttur *Freeway* og þar með síðasti hluti kvikmyndarinnar hefst er Vanessa kemst yfir annan þröskuld með því að brjótast úr fangelsinu ásamt nokkrum stúlkum. Það gera þær með því að drepa fangelsisstjóran og særa lögreglu sem bæði gilda sem verðir gegn framþróun ævintýrisins. Hún strýkur til Mexíkó þar sem hún selur sig og stelur bíl af viðskiptavini til að halda til baka til ömmu sinnar. Þegar hún loks kemst á áfangastað hittir hún skuggann, Bob Wolverton á ný og sér lík ömmu sinnar því hann hefur drepið hana. Hetjan og skugginn eigast við á ný og berjast fyrir lífi sínu sem er upprisa kvikmyndarinnar. Síðasta stig hetjunnar, elexírinn heim, er þegar Vanessa nær endanlega að drepa Bob Wolverton og þar með tryggja líf sitt og öryggi endanlega.

2.2.2 Red Riding Hood 2003

Sögumaðurinn Jenny, sem er aðalhlutverkið í myndinni, kynnir fyrir okkur sinn venjulega heim. Þar hefur Jenny orðið aðskila frá fjölskyldu sinni þar sem faðir hennar hafði verið drepinn og móðir hennar flúin. Jenny er hetja síns eigin ævintýrs þar sem hún hreinsar stræti Rómar af syndurum með hjálp Georges sem hún heldur að sé gamli hundurinn hennar en er í raun hennar annað sjálf. Vogler segir í *Ferð höfundarins* að skuggi geti verið geðtruflun (Vogler 1992/1997). Sökum þess að Jenny glími við geðklofa skapast ævintýraheimur hennar út frá hennar trufluðu heimssýn, því hún er hetjan. Því er Jenny bæði hetjan sem aðalpersóna kvikmyndarinnar og skugginn þar sem hún níðist á ömmu sinni og drepur fólk úti í bæ. Amma Jenny kemur til Rómar þar sem henni leist ekki á að 12 ára gömul stúlka fengi að búa ein og vildi taka hana heim með sér til Bandaríkjana. Þar með kemur boð um ævintýri. Amman er bæði í hlutverki boðberans um nýtt líf í Bandaríkjunum og um leið vörður í ævintýrinu sem Jenny upplifir nú þegar. Hér er komin smá flækja á formúlu Voglers en hún virkar þó enn. Þegar Jenny reiðist ömmu sinni fyrir að ætla að fara með sig burt frá Róm og neitar að fara með henni er kallinu um ævintýri hafnað. Jenny kemst þó yfir fyrsta þröskuldinn með því að svæfa ömmu sína og heldur af stað út í nóttina að sinna hreinsun Rómar.

Í öðrum þætti myndarinnar kemur til sögunnar kennari Jenny. Jenny er ástfangin af honum en hann áttar sig ekki á því. Því er vanþekking hans, um ást Jenny á sér, annar vörður sem stöðvar að ást þeirra fái að þróast. Sem kennari Jenny er hann í hlutverki mentorsins. Fórnlömb Jenny eru hálfgerðir skuggar þar sem þeir hafa annað hvort stolið, svikið eða drepið. Þau eru þó oftast aðeins persónur sem taka grímu skuggans tímabundið og fyrir þeim er Jenny skugginn þar sem hún ræðst á þau. Jenny ber einnig grímu hamhleypunnar þar sem hún

skiptir skapi og breytir framkomu sinni mjög oft ásamt því að vera bæði hetja og skuggi í sithvorum ævintýraheiminum. Vogler bendir á að hamhleypur eru algengar í hryllingsmyndum (Vogler, 1992/1997). Nálgun hetjunnar, það er í ímyndunar ævintýraheimi Jenny, er þegar hún nær að halda sínu striki með því að fara út og drepa fólk. Hvörf kvikmyndarinnar koma fram er eldskírinn á sér stað, það er þegar heimilislaus maðurinn kemst að því sem Jenny hefur gert ömmu sinni og kemur inn í ævintýraheim Jenny sem skuggi og kúgar út úr henni peninga. Hún nær að múta honum og þar með losna við hann, sem eru verðlaunin hennar.

Eldskírinn í hinum venjulega ævintýraheimi, sem amma Jenny og kennarinn eru í, á sér stað þegar kennari Jenny tekur að sér hlutverk hetjunnar og bjargar ömmunni og Jenny frá sjálfri sér. Hér kemur bein skírskotun í Rauðhettu, þar sem skógarhöggmaðurinn kemur ömmunni og Rauðhettu til bjargar, þó skógarhöggmaðurinn sé hér kennarinn og úlfurinn sé annað sjálf Jenny. Erfitt er að greina kvikmyndina eftir nákvæmri greiningu Voglers, þar sem kvikmyndin er snúin mynd af raunveruleikanum og við fylgjumst með tveimur ævintýrum, ævintýri hins sjúka huga Jenny og ævintýrinu sem amma hennar og kennarinn þurfa að upplifa. Eftir að kennarinn náði að bjarga ömmunni og Jenny, er hetjan/skugginn lögð inn á geðsjúkrahús og á þá leiðin til baka sér stað. Þar kemst Jenny til baka í hinn raunverulega heilbrigða heim og þar með í ævintýrið sem amma hennar og kennarinn upplifa, þar sem Jenny er skugginn.

Síðasti þáttur kvikmyndarinnar á sér stað í upprisunni þegar George birtist á ný og drepur síðasta skuggann í ævintýraheimi Jenny og þar með er verk hennar fullkomnað. Þegar hún reynir að finna George finnur hún í staðinn látinn föður sinn upprisinn sem er elexírinn fyrir Jenny hetjunni því hún elskaði föður sinn heitt. Faðir hennar sinnir þó hlutverki mentors í lok myndarinnar þar sem hann kennir henni ákveðinn boðskap um gang mála sem fær hana að öllum líkindum til að hætta að stunda dráp sín, þó ekki sé hægt að staðhæfa það.

2.2.3 Red Riding Hood 2011

Nýjasta kvikmyndaútgáfan af Rauðhettu hefst samkvæmt formúlu Voglers líkt og hinar þegar hún kynnir sinn venjulega heim og sýndar eru persónur hans. Hetja myndarinnar, Valerie er sögumaður í byrjun myndarinnar. Fljótlega í byrjun myndarinnar kemur fyrsti boðberi myndarinnar fram þar sem Peter, æskuást Valerie, biður hana um að flýja með sér. Hún var trúlofuð öðrum manni og var því hetjan komin í þær aðstæður að hún þurfi að taka ákvörðun. Eins er hann að bjóða henni ævintýri sem felur í sér líf með honum á öðrum stað. Valerie

tekur boði Peters um að halda af stað í ævintýri en þá um leið birtist fyrsti vörðurinn sem er viðvörunarbjalla sem hringir aðeins ef varúlfurinn sem hefur ásótt bæinn og drepið einhvern. Viðvörunarbjallan er þó líka boð um nýtt ævintýri sem allir bæjarbúarnir halda saman af stað í. Einnig má segja að trúlofun Valerie og Henry sé boð um nýtt ævintýri sem hetjan hafnar strax en eftir að móðir Valerie, með grímu mentors, talar um hvernig ástin virkar ýtir hún Valerie yfir fyrsta þröskuldinn og hvetur hana til að sætta sig við trúlofunina.

Annar hluti myndarinnar hefst þegar aðkomumaðurinn, faðir Solomon, kemur til bæjarins með föruneysi sínu. Solomon er prestur og handhafi æðra kennivalds andspænis sakleysislegum íbúum smábæjarins þar sem hinir voveiflegu atburðir hafa átt sér stað og í þeim skilningi er hann í hlutverki mentors, út frá formúlu Voglers. Faðir Solomon setur bæjarbúum hegðunarreglur í baráttunni sem framundan er. Með sínu sérstaka innsæi telur hann sig geta borið kennsl á óvini í dulargervi enda hafi hann þurft að drepa konu sína sem var varúlfur. Því leggur hann próf fyrir bæjarbúa að læra að þekkja hverjir séu að hegða sér öðruvísi og gætu þar með verið varúlfurinn. Með því er ýtt undir vænisýkina sem einkennir andrúmsloftið undir ógninni sem steðjar að: hver sem er gæti verið úlfurinn í manngervi og í því er spenna myndarinnar fólgin. Frá upphafi er ljóst að faðir Solomon er á öðru plani en hinir óbreyttu bæjarbúar, hann býr yfir vitneskju sem hann kveðst ætla að nota í þágu hins góða en spurningin um réttmæti hans kviknar snemma. Hlutverk hans er í höndum Gary Oldman sem er stjarna myndarinnar og eini stórleikarinn. Þannig er sérstaða persónunnar undirstrikuð enn frekar með leikaravalinu.

Nálgunin á sér stað þegar faðir Solomon kemst að því að Valerie hefur talað við úlfinn og lætur binda hana við fórnarstall þar sem hún bíður þess að varúlfurinn komi og taki hana. Hér ber faðir Solomon grímu skuggans í garð Valerie. Hún virðist ekki eiga sér viðreisnar von og átökin sem fylgja því að frelsa hana úr klípunni eru ígildi eldskírnar. Strákarnir tveir sem keppa um hjarta hennar taka saman höndum og með aðstoð föður Valerie fara þeir allir með hlutverk hetjunnar til að bjarga henni. Verðlaunin felast í björguninni og að hún heldur lífi sínu. Á leið til baka þegar bæjarbúar fara að lifa aftur í sínum venjulega heimi og eru lausir við einræði föður Solomons, þar sem hann var drepinn eftir að hafa verið bitinn af varúlfinum, kemur fram upprisa myndarinnar. Þá er því ljóstrað upp hver varúlfurinn er. Það var sjálfur faðir Valerie sem hafði tekið grímu hamhleypunnar alla kvikmyndina þar til á enda hennar þegar hann lét sína réttu persónu í ljós, skuggann. Hann var kominn til þess að gera Valerie að skugga líka til þess að eiga með sér eilíft líf. Segja má að hér er aðalpersóna sögunnar ekki hetjan, því strákarnir koma til með að bjarga henni oft en einu sinni en sú gerð ævintýra er vinsæl hjá Disney samsteypunni, þar sem sveininn bjargar dömuni.

Síðasta stig hetjunnar, sem eru þó nokkrar, er þegar Henry finnur hugrekki sitt sem verndari bæjarins, þegar Peter og Valerie ná að drepa föður hennar og fá að eiga ást hvors annars. Þó svo að Peter sé orðinn að skugga eftir að faðir Valerie náði að bíta hann, fer hann í burtu til þess að læra að láta grímu skuggans ekki stjórna sér heldur grímu hetjunnar og kemur heim til Valerie á milli fulls tungls sem hetja.

Eins og sjá má á greiningunum þá fela allar kvikmyndirnar í sér öll þau stig hetjunnar og stofngerðirnar sem Vogler talar um í *Ferð höfundarins*. Sum á áberandi hátt líkt og *Freeway* en á óljósari og flókinn hátt í *Red Riding Hood (2003)*. Kvikmyndirnar sýna að þrátt fyrir hversu ólíkar þær eru, þá virkar goðsagnateoría Voglers á þær allar sem sýnir að formúlan virkar.

3. Kvikmyndagreining

Eins og áður hefur verið nefnt hefur ævintýrið um Rauðhettu verið útfært á ýmsan hátt til dæmis í teiknimyndum, auglýsingum og sérstaklega kvikmyndum eins og *Freeway*, *Red Riding Hood 2003* og *Red Riding Hood 2011* hafa sýnt. Venja þykir að skipa kvikmyndir í flokka eða svokallaðar greinar (e. genre). Algengir flokkar eru spennmyndir, grínmyndir, hryllingsmyndir, dramamyndir og rómantískar myndir, sem vanalega er stuðst við í umfjöllun um kvikmyndir. Flokkarnir segja til um eðli kvikmyndarinnar og hvers má vænta varðandi efni og framgang myndarinnar. Greinar eru þó ekki aðeins flokkunartæki heldur líka lesháttur eða túlkunarleið. Einnig er hægt að skipta kvikmyndum niður enn frekar í undirgreinar (e. sub-genre). Þá er ítarlega farið í saumana á kvikmyndum og fundnar tengingar við ýmsar undirgreinar og þar með túlka verk á ákveðinn hátt, leggja áherslu á ákveðin atriði en horfa framhjá öðrum. *Freeway* er vegamynd frá 10. áratuginum, *Red Riding Hood (2003)* er hryllingsmynd og *Red Riding Hood (2011)* er unglíngafantasía.

Með kvikmynda útfærslunum þremur sést hvernig ævintýrið um Rauðhettu hefur verið nútímavætt hverju sinni á mismunandi hátt til að ná til ólíkra markhópa. Ef tekin er fyrir upprunalega sagan um Rauðhettu eftir Perrault og útgáfa Grimms-bræðra og þær lesnar sem spennusaga, hryllingssaga eða rómantísk fantasía, sem eru víðari hugtök yfir greinar sem *Freeway*, *Red Riding Hood (2003)* og *Red Riding Hood (2011)* eru, er spursmál hvort ævintýrið gangi upp. Íhuga má hvort rýna þurfi betur í söguna og jafnvel lesa á móti verkinu til að sjá votta fyrir spennu, hryllingi og fantasíu.

3.1 „That’s some big ugly fucking teeth you’ve got, Bob“

Líkt og titill myndarinnar *Freeway* ber með sér er hún vegamynd (e. roadfilm). Vegamyndir fara að mestu fram á vegum, líkt og *Freeway* gerir að miklum hluta. Vegamyndir hafa verið partur af amerískri kvikmyndasögu frá byrjun vestra kvikmyndanna (American Movie Classics Company LLC, 2011). Vegamyndir hafa þá eiginleika að sameinast öðrum greinum (e.genre) líkt og *Freeway* gerir en venjulega væri hún flokkuð sem spennmynd (Sargeant og Watson, 1999).

Raðmorðinginn Bob Wolverton framkvæmir morð sín og nauðganir á götum. Nafn hans hefur verið dregið af I-5 hraðbrautinni, þar sem hann vinnur voðaverk sín og er hann því kallaður I-5 raðmorðinginn af lögreglunni og fréttamiðlum. Mikilvægt atriði myndarinnar, eldskírn hetjunnar Vanessu, fer fram á I-5 hraðbrautinni þegar Bob Wolverton sýnir sitt sanna

eðli og ræðst á Vanessu. Vanessa nær þó tökum á aðstæðunum og skýtur Bob Wolverton og skilur hann eftir við hraðbrautina. Aftur fer kvikmyndin fram á götu þegar verið er að flytja Vanessu og samfanga hennar í annað fangelsi þegar þær stöllum drepa fangelsisstjórnann og særa fangavörð til þess að sleppa. Eftir að Vanessa hefur sloppið úr fangelsi fer hún að selja sig á götuhorni sem er enn önnur vísun til vegamyndar. Þar stelar hún bíl af viðskiptavini og heldur af stað til ömmu sinnar. Þá eru bæði Vanessa og Bob Wolverton í bílum á leið til hjólhýsagarðsins þar sem amma Vanessu býr. Í vegamyndum gengur atburðarrásin út á að aðalpersónan, hetjan sjálf, komist á ákveðinn endastað. Vanessa reynir alla myndina að komast á sinn endastað til ömmu sinnar, í von um betra líf.

Þrátt fyrir áberandi tengingar *Freeway* við vegamynd þá má einnig sjá tengingar við undirflokkinn raðmorðingjamyndir. Annað stærsta hlutverk kvikmyndarinnar er raðmorðinginn Bob Wolverton og hans hlutverk snýst um að ná næsta fórnarlambi. Hann leitar í ungar stelpur sem hann drepur og nauðgar svo líkum þeirra. Hann telur sig vera að hreinsa til á götunum með því að drepa þær stúlkur sem honum þykir vera hyski, því þær eru fátækar, glíma við margþætt vandamál og hafa flestar komist í kast við lögin fyrir smáglæpi. Vanessa sá fréttatilkynningu um I-5 raðmorðingjann sem áhorfendur kvikmyndarinnar geta tekið sem skýrum skilaboðum um að voðaverk væri í vændum. Hægt væri að segja að leikstjórinn Matthew Bright hafi hugsað sér mynd um raðmorðingja en ákveðið að sýna söguna um hann frá sjónarhorni næsta fórnarlamb hans, Vanessu og setja handritið í búning Rauðhettu

.Saga Perraults er þrungið spennu því lesendur vita að úlfurinn er svangur og ásetur sér að reyna að éta Rauðhettu. Þegar Rauðhetta nálgast hús ömmu sinnar er spennan í hámarki því úlfurinn hefur tekið sér gervi ömmunnar án þess að Rauðhetta átti sig á því. Þrátt fyrir að saga Perraults sé spennusaga þá hefur Matthew Bright útfært hana sem spennusögu á samtíma sínum. Hann nær að gera það með því að tengja atburði og umhverfi við nútíma samfélag þar sem raðmorðingjar og fátækir vandræðaunglingar tíðkast í stóru samfélagi eins og Bandaríkjunum. Ef *Freeway* útfærslan af Rauðhettu væri yfirfærð á íslenskar aðstæður myndi hún að öllum líkindum ekki ganga eins vel upp. Samfélag okkar Íslendinga er mun smærra og erfiðara er að komast upp með að vera raðmorðingi. Gera má ráð fyrir að unglingar verði ekki eins hjálparvana og umkomulausir í smærri samfélögum þar sem ríkja meiri tengsl og eftirlit.

3.2 Giallo hryllingurinn

Giallo er ítölsk greining á hryllingsmyndum sem urðu frægar um miðja 20 öld. Að fyrstu voru til giallo bókmenntir sem áttu uppruna sinn í Ítalíu á 3. áratugi síðustu aldar. Af þeim drógu hryllingsmyndirnar áhrif sín. Hryllingsmyndir seinni tíðar hafa flestar haft giallo kvikmyndir að fyrirmynd eins og til dæmis *Sei donne per l'assassino* (Bava, 1964) sem er talin vera frumgerð giallo kvikmyndanna. Giallo hryllingsmyndir einkennast af morðum sem sýnd eru á myndrænan og ógeðfaldan hátt. Slíkar myndir eru oftast kallaðar splatter myndir (e. slasher). Algengt er í giallo myndum að sýna kynþokkafullar konur, jafnvel allsberar, líkt og aðstoðarkona tannlæknisins í *Red Riding Hood 2003* er þegar Jenny skýtur úr naglabyssu í augað á henni eftir að hún var nýkomin úr sturtu. Það sem er einkennandi bragur giallo hryllingsmynda er myndataka og tónlistarval (Cotton, 2007). Nútímamyndir í giallo stílnum eru *Scream* myndirnar (Craven, 1996-2012).

Myndatakan er ekki hefðbundin líkt og í stærri og þekktari myndum (e. blockbusters). Gæði eru verri og litir daufari eins og sést í *Red Riding Hood 2003*. Eins hafa hryllingsmyndir líkt og *Red Riding Hood 2003*, sem eru svokallaðar B-hryllingsmyndir, verið gerðar með minna fjármagni og þar af leiðandi minni gæðum. Fræg dæmi um slíkt eru sjálfstæðu myndirnar *Halloween* (Carpenter, 1978) og *Friday the 13th* (Cunningham, 1980) sem eru einna þekktustu splatter myndir allra tíma. Þrátt fyrir að vera gerðar með minna fjármagni þá eiga B-hryllingsmyndir það fram yfir stórmyndirnar að sýna dauða fórnarlambanna á meiri gróteskan hátt, þar af leiðir eru þær kallaðar splatter myndir. Áberandi fyrir giallo myndir er tónlistarval. Oftast eru valin lög sem virðast ekki tengjast atburðarrásinni og gefur því ekki upp fyrirfram með spennufullri tónlist hvað er að fara gerast, enda reyna splatter hryllingsmyndir að bregða áhorfendum. Því má segja að *Red Riding Hood 2003* sé skilgetið afkvæmi giallo greinarinnar vegna tónlistarvals, gæðum á myndatöku og myndræns dauða fórnarlamba hennar Jenny. Giallo myndir gerðu einnig frægt að morðinginn bæri grímu og væri í hönskum líkt og George(Jenny) klæðist.

Endir Perraults er frekar hryllilegur þegar líf Rauðhettu endar á einu andartaki en ævintýrið myndi ekki falla undir giallo bókmenntir. Til að lesa á móti Rauðhettu Perraults þyrfti hugur lesandans að fara langt til þess að sjá ævintýrið sem hryllingssögu. Hægt er að sjá fyrir sér úlfinn sem hræðilegan og illan úlf og að skógurinn sé hryllilegur. Í Grimms-útgáfunni varar móðir Rauðhettu hana við hættum skógarins sem segir áhorfandanum að þar gætu hryllilegir atburðir átt sér stað sem og gerist eftir að Rauðhetta hittir úlfinn.

3.3 Epíska mysterían

Red Riding Hood 2011 er epísk meginstraums (e.mainstream) unglíngafantasía sem gerist á miðöldum. Hún er fyllt bæði af spennu og rómantík. Epískar myndir fjalla um liðna tíð sem setti mark á söguna. Í *Red Riding Hood 2011* eru teknar fyrir miðaldir þar sem enn var trúað á tilvist varúlfa og norna. Það sem einkennir epískar myndir eru sögulegir atburðir og þjóðsögur, því snýst efnið oft um atburðarrás og uppákomur sem byggja ekki á sannsögulegum atburðum, líkt og Rauðhetta er ekki sönn saga, heldur einungis ævintýri. Epískar kvikmyndir eru oft kostnaðarsamar þar sem þær eru gerðar sem stórmyndir og miklu fjármagni og tíma eytt í leikmynd og búningagerð til þess að gera myndina sem raunverulegasta miðað við þann tíma sem hún á að gerast á. Undirgreining *Red Riding Hood 2011* gæti verið rannsóknarmynd (e.mystery). Söguþráðurinn gengur út á það að bæjarbúar og þá sérstaklega aðalpersónan átti sig á hver sé sá illi í kvikmyndinni. Hér er Valerie ásamt bæjarbúum að reyna átta sig á hver af þeim gæti verið sá sem taki hamskiptum varúlfs á fullu tungli og ásæki bæ þeirra og drepi fólk. Valerie er mestan hluta myndarinnar að ganga að vísbendingum. Þegar hún áttar sig á að varúlfurinn er einhver nákominn henni með brún augu, þá leitar hún eftir brúnum augum í öllum ættingjum og vinum sem hún sér síðan í flestum þeirra. Þá flækist málið enn meira og fer svo að hún stingur vitlausan mann, Peter, sem hún elskaði en hún hélt að hann væri varúlfurinn. Þegar kemur að hápunkti myndarinnar og komið er í ljós að faðir Valerie er varúlfurinn eiga sér stað átök milli þeirra tveggja sem er algengt í rannsóknarmyndum þegar sá góði og sá illi berjast fyrir lífi sínu.

Rauðhetta Perraults og Grimms-bræðra er fremur lítil í sniðum og aðeins örfáar blaðsíður á móti því umfangi sem *Red Riding Hood 2011* er. Þrátt fyrir smæð sína þá er Rauðhetta eitt af þekktari ævintýrum heimsins, sem sýnir að lengd og umfang skiptir ekki öllu. Lítið sem ekkert má finna um rannsóknarmál í gerð Perraults þar sem vondi maðurinn, það er úlfurinn, sigrar. Í útgáfu Grimms-bræðra má sjá tákni fyrir rannsóknarmáli þegar skógarhöggmaðurinn heyrir óvenjulegar hrotur frá húsi ömmunnar og fer að athuga málið. Þar sá hann úlfinn og gaf sér að hann væri búinn að éta ömmuna. Með því að rista kvið úlfsins leysti hann málið með því að bjarga ömmunni og Rauðhettu úr maga úlfsins og enduðu þau líf hans.

Með því að yfirfæra ævintýrið um Rauðhettu yfir á nútímalega kvikmyndagein, hvort sem það sé nútímavætt og tengt við samtímamann líkt og í *Freeway* eða gert að epískri miðalda sögu líkt og *Red Riding Hood 2011*, sést hvernig hægt er að halda á lífi eins gamalli sögu og Rauðhetta er. Það sem Matthew Bright, Giacomo Cimini og Catherine Hardwicke eiga sameiginlegt er að aðstæðubinda Rauðhettu. Þau breyta ytra umhverfi og innri persónuleika

hennar, þrátt fyrir að söguþráðurinn sé sá sami og í upprunalegu ævintýrinu um Rauðhettu. Myndirnar þrjár er hver fyrir sig lokaður texti, þar sem *Freeway* er vegamynd, *Red Riding Hood 2003* er hryllingsmynd og *Red Riding Hood 2011* er mystería. Kvikmyndirnar eru hver og ein bundnar tilteknum tíðaranda þar sem þær eru aðstæðubundnar við samtíma sinn annað en ævintýri Perraults sem er opið og tímalaust. Þau hafa nútímavætt hana og sett hana yfir á aðstæður í vestrænum heimi og yfirfært söguna í nútíma aðstæður sem áhorfendur eiga að geta tengt sig við. Þó verður að segja að *Red Riding Hood 2003* sé minnst líkust upprunalegu sögunni og eigi það eitt sameiginlegt að bera sama heiti og ævintýrið og hafa svipaðar persónur.

Niðurstöður

Ævintýri hafa alla tíð verið stór þáttur í uppeldi barna. Börn hvaðanæva úr heiminum eiga það sameiginlegt að hafa hlýtt á eða séð Disney útgáfur ævintýra. Frægðarstjarna ævintýra eftir Charles Perrault mun seint fjara út, því með hjálp Grimms-bræðra og Walt Disney hafa þau verið gerð ódauðleg. Munur á ævintýrum Perraults og Grimms-bræðra er hve Perrault talar hreint út um kynferðislegar tengingar á meðan Grimms-bræður láta það kyrrt liggja og leggja mesta áherslu á hlýðni við foreldra. Þetta má tengja við ólík siðferðisgildi Frakka og Þjóðverja. Frakkar hafa löngum verið þekktir fyrir opinskáa umræðu um ástir og kynlíf á meðan Þjóðverjar eru þekktari fyrir aga og hlýðni.

Goðsagnagreiningin sem Christopher Vogler setur fram, sem hann byggði á fræðum Vladímírs Propps og Josephs Cambells, sýnir mikilvægi sitt í greiningu á *Freeway*, *Red Riding Hood 2003* og *Red Riding Hood 2011*. Greinilegt er að hægt er að taka eins ólíkar myndir og þær þrjár eru en byggja upp á sömu formúlu. Stigin tólf sem Vogler leggur fram að hetjan fari eftir frá byrjunarpunkti að lokastað og þar af leiðandi lok kvikmyndarinnar eru mikilvæg fyrir framvindu sögunnar. Stigin byggja upp kvikmyndahandritið sjálft sem er síðan sett í þrjá tímabætti. Ásamt stigunum tólf eru stofngerðirnar nauðsynleg verkfæri til skilnings á tilgangi og virkni persóna í sögu og kvikmynd. Þær eru hluti af alþjóðlegu tungumáli sögunnar eða kvikmyndarinnar og vald á mætti þeirra má segja að sé rithöfundur eins nauðsynlegt og að draga andann. Vegna þessa mynstra sem stofngerðir og ferð hetjunnar gera, veitir það flestum áhorfendum möguleikann á sameiginlegri upplifun á sögu eða kvikmynd (Vogler 1992/1997).

Kvikmyndirnar þrjár eru sagðar byggja á ævintýrinu um Rauðhettu en spytja má hvort þær hafi fjarlægst upprunalega verkið sjálft það mikið að þær séu hættar að vera afbrigði (e.variation) af ævintýrinu og orðnar að nýju verki. Kvikmyndirnar hafa verið útfærðar fyrir viðtökur 20. og 21. aldar og því hefur ævintýrið verið nútímavætt og verið aðstæðubundið að okkar tíma með breyttu ytra umhverfi og innri persónuleika Rauðhettu. Þrátt fyrir það virðist söguþráður og persónur Perraults halda sér. Ung stúlka fer með aðalhlutverk í öllum myndunum og hún á ömmu í þeim öllum, ásamt því að þar er vísun í úlf, hvort sem varúlfur, úlfagríma eða eftirnafn (Wolverton).

Þrátt fyrir að *Red Riding Hood 2003* sé ólíkust Rauðhettu þá ber hún með sér snert af sögunni en er þrátt fyrir það fjarlægust sögu Perraults og gæti talist til nýs verks í staðinn fyrir afbrigði af sögu Perraults, nema vel sé rýnt í kvikmyndina. *Red Riding Hood 2011* sýnir ævintýrið á öðruvísi hátt. Ævintýrið er látið gerast nokkrum öldum fyrr en Rauðhetta Perraults

og því er hún aðstæðubundin að ytri tíma myndarinnar. Aðalpersónan er höfð í rauðri hettu til að gefa skýra tengingu við Rauðhettu og þar er varúlfur á ferli ásamt því að amma hennar býr í húsi úti í skógi. *Red Riding Hood* 2011 hefur grunnatriðin á hreinu frá Perrault og Grimms-bræðrum en sögunni hefur verið breytt talsvert, bæði með fleiri persónum og samtímaskotunum við miðaldir. *Freeway* sýnir sögu Perraults greinilega þó búið sé að færa aðstæður yfir á okkar tíma og hræra aðeins í upprunalega ævintýrinu þá er lykilþemað til staðar sem er stúlka á leið til ömmu sinnar sem lendir í vandræðum með úlf. Einnig hafa tímarnir breyst eins og Matthew Bright sýnir í *Freeway*, að stúlkur geta séð um sig sjálfar án hjálpar frá karlmönnum líkt og James Thurber hafði sett fram í sögu sinni *The Girl and the Wolf* (Zipes, 1993). Sú staðreynd er hins vegar í nokkurs konar andstæðu við upprunalegt markmið Perraults, þar sem stúlkur ættu að varast karlmenn en Thurber kemur því á framfæri að þær geti séð um sig sjálfar. Það gæti mögulega tengst breyttu viðhorfi í dag, þar sem karlaveldið hefur minnkað.

Jack Zipes hefur helgað starfsævi sinni ævintýrum og fræðunum bak við þau. Hann hefur komist að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að Grimms-bræður hafi breytt siðferði sögunnar frá útgáfu Perraults, þá virðast fjölmiðlar, hvort sem auglýsingar, kvikmyndir og slíkt, eiga það til að fylgja fremur útgáfu Perraults með því að gefa til kynna að það er kvenfólkið sem freistar og tælir karlmenn og eru þar af leiðandi ábyrgar fyrir því sem kemur fyrir þær (Zipes, 2006). Í *Freeway* kemur þessi skilgreining greinilega fram, þegar Bob Wolverton segir við Vanessu að þetta sé henni að kenna að hún hafi tælt karlmenn þó hún átti sig kannski ekki á því sjálf (Hanley og Bright, 1996). Sú hugmyndafræði er á móti femínískri stefnu en þemað sem felur í sér að stúlkur geti varið sig sjálfar á betur við femíníska stefnu. Með þróun og nútímavæðingu Rauðhettu hefur henni verið breytt úr saklausri ímynd sem sögupersónu og teiknimyndafígúru og orðin grófari sem alvöru persóna eins og Vanessa í *Freeway* sýnir skýrt með götukunnáttu (e.street-smart) sinni. Myndirnar þrjár eiga það sameiginlegt að setja út á óhlýðni stúlnanna hvort sem það er við foreldra eða forráðamenn. Vanessa óhlýðnast og handjárnar félagsráðgjafann við rúmið sitt, Jenny neitar að hlýða ömmu sinni og Valerie fer ekki eftir óskum móður sinnar um að gangast til að eiga Henry fyrir eiginmann.

Helstu áhorfendur og áheyrendur ævintýra eru börn. Fyrir mörg hver eru lesin ævintýri Grimms-bræðra, þar sem ævintýri Perraults þykja of gróf, og flest hafa séð Disney teiknimyndir. Til að láta ævintýrin ná til eldri og stærra markhóps en barna hafa leikstjórar og handritshöfundar gripið til ýmissa ráða svo ævintýri líkt og Rauðhetta fjari ekki út. Með því að setja upp ævintýrið sem spennamynd, hryllingsmynd og unglíngafantasíu hefur Rauðhetta

fylgt okkur lengra inn í fullorðinsárin, þar sem þessar myndir eru ekki ætlaðar ungum áhorfendum. Það gera leikstjórar með því að nútímavæða ævintýrið og stilla það eftir okkar tíma til þess að ná enn frekar til áhorfenda.

Heimildarskrá

Ritaðar heimildir

- Orenstein, C. (2002). *Little Red Riding Hood Uncloaked: Sex, Morality and the Evolution of a Fairy Tale*. Bandaríkin: Basic Books.
- Sargeant, J. og Watson, S. (ritstjórar). (1999). *Lost Highways: an Illustrated Guide to the Road Movie*. S. I. : Creation.
- Vogler, C. (1997). *Ferð höfundarins, Hugmyndaheimur goðsagna í kvikmyndum og skáldskap* (Sigurgeir Orri Sigurgeirsson þýddi). Reykjavík: Mál og mynd. (Upphaflega gefin út árið 1992).
- Zipes, J. (1988). *The Brothers Grimms: From Enchanted Forests to the Modern World*. New York: Routledge.
- Zipes, J. (1993). *The Trials & Tribulations of Little Red Riding Hood*. New York: Routledge.
- Zipes, J. (2002). *Breaking the Magic Spell: Radical Theories of Folk and Fairy Tales*. Bandaríkin: The University Press of Kentucky.
- Zipes, J. (2006). *Why Fairy Tales Stick: The Evolution and Relevance of a Genre*. New York: Routledge.

Netheimildir

- American Movie Classics Company LLC. (2011). *Film Sub-Genres*. Sótt 17. ágúst 2011 af <http://www.filmsite.org/subgenres.html>.
- Cotton, J. (2007, 14. nóvember). *The Beginner's Guide to Giallo: The Italian Thriller*. Sótt 23. ágúst 2011 af <http://www.helium.com/items/698812-the-beginners-guide-to-giallo-the-italian-thriller>.
- Ebert, R. (1997, 24. janúar). *Freeway*. Sótt 6. júlí 2011 af <http://rogerebert.suntimes.com/apps/pbcs.dll/article?AID=/19970124/REVIEWS/701240302/1023>.
- Internet Movie Database (2011). Media from Red Riding Hood. Sótt 18. ágúst af <http://www.imdb.com/find?s=all&q=Red+Riding+Hood>.

Kvikmyndir

Assonitis, O. G. og D'Ettoire R. (framleiðendur) og Cimini, G. (leikstjóri). (2003). *Red Riding Hood* [kvikmynd].

Avery, T. (leikstjóri). (1943). *Red Hot Riding Hood* [teiknimynd].

DiCaprio, L., Killoran, J. og Yorn, J. (framleiðendur) og Hardwicke, C. (leikstjóri). (2011). *Red Riding Hood* [kvikmynd].

Hanley, C. og Wyman, B. (framleiðendur) og Bright, M. (leikstjóri). (1996). *Freeway* [kvikmynd].

